

Mánudaginn 19. janúar.

Nr. 39/1913.

Jón Zoëga

gegn

Sveini Björnssyni fyrir hönd

Ernst Neumärker.

D ó m u r :

Með bæjarþingsdómi Reykjavíkur uppkveðnum 5. júní f. á. var áfrýjandi þessa máls Jón Zoëga kaupmaður dæmdur til að greiða Sveini Björnssyni yfirréttarmálaflutningsmanni fyrir hönd Ernst Neumärker í Dusseldorf viðskiftaskuld kr. 336,91 með 5% ársvöxtum frá 1. marz 1910 til 2. apríl 1912 og 6% ársvöxtum frá síðarnefndum degi til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður. Dómi þessum hefir Jón Zoëga skotið til yfir dómsins með stefnu, dags. 9. ágúst f. á., og krafist þess, að dómnum verði hrundið og breytt þannig, að áfrýjandi verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins. Stefndi hefir mótmælt þessum kröfum, en haldið fram kröfum sínum fyrir undirréttinum.

Umstefnd krafa er svo til komin, að í ágústmánuði 1909 sendi stefndi áfrýjanda samkvæmt pöntun hans myndalista (rammalista) í 3 rimlakössum; kom sendingin með einu af skipum »Sameinaða gufuskipafélagsins« og fylgdi henni reikningur og 4 mánaða víxill, fyrir reikningsupphæðinni, er áfrýjandi skyldi samþykkja og endursenda stefnda. En áfrýjandi neitaði að taka við listunum og bar því við, að þeir væru stórskemdir, og væri það að kenna ónógum umbúðum og illum frágangi stefnda á

sendingunni. Hafa listarnir síðan verið í vörzlum afgreiðslumanns gufuskipafélagsins. Til sönnunar því, að téð mótmæli hans gegn sendingunni væru réttmæt, lét áfrýjandi fyrir undirréttinum kveðja 2 menn til að skoða listana og komust þeir að þeirri niðurstöðu, er þeir staðfestu fyrir réttinum, að listarnir í 2 kössunum væru nokkuð skemdir, og að það væri að kenna lélegum og alveg ófullnægjandi umbúðum; í 3. kassanum telja þeir umbúðirnar óbilaðar að mestu leyti og listana í honum að líkindum lítið skemda. Stefndi hefir mótmælt þessari skoðunargerð á listunum svo löngu eftir að þeir voru fluttir hingað, en með því að hann hefir eigi bent á líkur til þess, að þeir hafi spilst í vörzlum afgreiðslumannsins, virðist mega gera ráð fyrir því, að þeir hafi komið úr flutningnum eins og skoðunarmennirnir lýsa þeim. Að öðru leyti er skoðunargerðin ófullnægjandi; af henni verður eigi séð, að skoðunarmennirnir hafi tekið listana úr kassanum og rannsakað skemdirnar á þeim hverjum fyrir sig, en þeir virðast að eins hafa athugað þá eins og þeir lágu í umbúðunum, enda hafa þeir eigi látið þess getið, hvort allir listarnir í hinum biluðu kössum hafi verið skemdir, eða hve mikið af þeim óskemt, og listana í 3. kassanum hafa þeir alls eigi skoðað. Það er því, þrátt fyrir skoðunargerðina, eigi fengin nægileg skýrsla um það, að svo mikið hafi kveðið að skemduum, að áfrýjanda hafi fyrir þá sök verið heimilt að vísa allri sendingunni á bug.

En þó að áfrýjandi hefði haft réttmæta ástæðu til að reka vöruna aftur, bar honum að tilkynna stefnda það svo fljótt sem ástæður leyfðu, en stefndi heldur því fram, að það hafi áfrýjandi eigi gert, og að hann (stefndi) hafi eigi

fyr en með bréfi áfrýjanda 22. marz 1910 fengið vitneskju um, að hann hefði neitt út á sendinguna að setja. Áfrýjandi fullyrðir hins vegar, að hann hafi í tækan tíma sent stefnda tilkynningu um þetta; hann hefir þó eigi gegn mótmælum stefnda sannað þessa staðhæfingu sína eða gert hana sennilega, en hins vegar styður það um-sögn stefnda um þetta atriði, að hann 15. des. 1909, þegar fyrgreindur víxill var kominn í gjalddaga, en ekki innleystur, gaf út nýjan víxil á áfrýjanda, og fekk hann banka til innheimtu, en það hefði verið tilgangslaust, ef hann hefði þá vitað, að áfrýjandi vildi eigi taka við sendingunni né borga hana. Í bréfinu 22. marz 1910 til stefnda getur áfrýjandi að vísu um bréf, er hann hafi áður skrifað stefnda um illan umbúnað á listunum, en stefndi kannast eigi við, að hafa meðtekið það bréf, og áfrýjandi hefir jafnvel eigi getað tilgreint dagsetningu þess.

Til vara hefir áfrýjandi krafist þess, að sér verði leyft að staðfesta skýrslu sína um þetta málsatriði með eiði, en þar sem ekkert er fram komið í málinu til stuðnings þeirri skýrslu, getur sú krafa eigi komið til álita, og verður þá að líta svo á, að áfrýjandi hafi eigi í tækan tíma tilkynt stefnda mótmæli sín gegn sendingunni, og fyrir því geti hann eigi losast við að taka á móti hinni pöntuðu vöru og borga stefnda hana. Verð listanna var samkvæmt reikningi stefnda m. 367,80 og kostnaður við fyrtréðan víxil m. 6,55, samtals m. 374,35 eða kr. 336,91 í dönskum peningum, og er þessum upphæðum eigi mótmælt af áfrýjanda. Ber því, eins og undirdómarinn hefir gert, að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 336 kr. 91 c. með vöxtum eins og segir í bæjarþingsdómnum, og

með því að einnig verður fallist á ákvæði hans um málskostnað, ber að staðfesta hann í öllum greinum.

Stefndi hefir eigi krafist málskostnaðar fyrir yfirdómi, og fellur hann því niður.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaáðför.

Nr. 44/1913.

Páll Einarsson borgarstjóri f.
h. bæjarstjórnar Reykjavíkur

gegn

Jóni Ólafssyni.

Dómur:

Með stefnu dags. 19. sept. f. á. hefir áfrýjandi, Páll Einarsson borgarstjóri fyrir hönd bæjarstjórnar Reykjavíkur, skotið til yfirdómsins úrskurði uppkveðnum 17. júní f. á. í fúgetarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu í þá átt, að synjað var um útburð stefnda, Jóns bónda Ólafssonar, af ábylisjörð hans Bústöðum í Seltjarnarneshreppi, sem er eign Reykjavíkur-kaupstaðar. Kreist áfrýjandi þess, að fúgetagerðinni verði breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til að víkja af jörðinni og skyldaður til þess að greiða